

um tíma sem ekki skyldi vera lengri en fimm mánuðir.

2. Rökstuðningur skal fylgja dómi gerðardóms. Dómur er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

3. Nú kemur upp deila milli aðila um túlkun eða fullnustu á dómi gerðardóms og getur þá deiluaðili vísað henni til þess gerðardóms sem dóminn kvað upp, ef hann er tiltækur, eða til annars gerðardóms sem komið er á í því skyni á sama hátt og þeim fyrri.

time-limit for a period which should not exceed five months.

2. The award of the arbitral tribunal shall be accompanied by a statement of reasons. It shall be final and binding upon the parties to the dispute.

3. Any dispute which may arise between the parties concerning the interpretation or execution of the award may be submitted by either party to the arbitral tribunal which made the award or, if the latter cannot be seized thereof, to another tribunal constituted for this purpose in the same manner as the first.

23. október 1995

Nr. 14

## AUGLÝSING

### um loftferðasamning við Bandaríkin.

Samningur ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórnar Íslands um flutninga í lofti, sem gerður var í Washington 14. júní 1995, öðlaðist gildi 12. október 1995.

Við gildistöku samningsins féllu úr gildi loftflutningasamningur frá 27. janúar 1945, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 142, ásamt breytingu á honum frá 17. ágúst 1978, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1978, samningur um flutninga á íslenskum farþegum og pósti með flugvélum frá 27. janúar og 11. apríl 1945, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 143, og samkomulag frá 24. júní 1970 varðandi flug Loftleiða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1970.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. október 1995.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

### Fylgiskjal.

#### **SAMNINGUR ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórnar Íslands um flutninga í lofti.**

Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórn Íslands (hér á eftir nefndar „aðilar“),

hafa hug á að stuðla að alþjóðaflugi sem byggist á samkeppni milli flugfélaga á markaði þar sem opinber afskipti og stjórnun eru í lágmarki,

hafa hug á að greiða fyrir auknum möguleikum í millilandaflutningum í lofti,

hafa hug á að gera flugfélögum kleift að bjóða ferðamönnum og sendendum fjölbreytta þjón-

#### **AIR TRANSPORT AGREEMENT between Government of the United States of America and the Government of Iceland**

The Government of the United States of America and the Government of Iceland (hereinafter, “the Parties”);

Desiring to promote an international aviation system based on competition among airlines in the marketplace with minimum government interference and regulation;

Desiring to facilitate the expansion of international air transport opportunities;

Desiring to make it possible for airlines to offer the travelling and shipping public a vari-

ustu fyrir sem lægst verð, sem hvorki er undirverðlagning né skapar mismunun og er ekki misnotkun á yfirburðastöðu, og vilja hvetja einstök flugfélög til að fara inn á nýjar brautir í verðlagningu og verðsamkeppni,

hafa hug á að tryggja hámarksöryggi og flugvernd í millilandaflutningum í lofti og á rétta þungar áhyggjur sínar vegna aðgerða eða hótana gegn flugvernd loftfara, sem tefla öryggi manna eða eigna í tvísýnu og hafa óæskileg áhrif á rekstur flutninga í lofti auk þess að grafa undan tiltrú almennings á öryggi í almenningsflugi, og

þar eð þeir eru aðilar að samþykkt um alþjóðaflugmál, sem lögð var fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944,

hafa samþykkt eftirfarandi:

#### 1. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé tekið fram:

1. „Flugmálayfirvöld“ eru, að því er varðar Bandaríkin, samgönguráðuneytið eða arftaki þess, og að því er varðar Ísland, samgönguráðuneytið og hver sá einstaklingur eða stofnun sem falið hefur verið að inna af hendi störf sem eru í verkahring síðarnefnda ráðuneytisins.

2. „Samningur“ er samningur þessi, viðaukar við hann og allar breytingar þar á.

3. „Flutningar í lofti“ eru almennir flutningar á farþegum, farangri, farmi og pósti gegn greiðslu eða leigugjaldi, hvort heldur um er að ræða eina tegund þessara flutninga eða sambland þeirra.

4. „Samþykkt“ er samþykkt um alþjóðaflugmál sem lögð var fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944, að meðtöldum:

1) öllum breytingum sem hafa öðlast gildi samkvæmt a-lið 94. gr. samþykktarinnar og báðir aðilar hafa fullgilt, og

2) öllum viðaukum eða breytingum á þeim sem samþykktar hafa verið samkvæmt 90. gr. samþykktarinnar, að því marki sem slíkir viðaukar eða breytingar eru í gildi fyrir báða aðila á hverjum tíma.

5. „Tilnefnt flugfélag“ er flugfélag sem hefur verið tilnefnt og fengið leyfi í samræmi við 3. gr. þessa samnings.

6. „Allur kostnaður“ er kostnaður sem hlýst af því að veita þjónustu ásamt hæfilegu gjaldi fyrir yfirstjórn.

ety of service options at the lowest prices that are not predatory or discriminatory and do not represent abuse of a dominant position, and wishing to encourage individual airlines to develop and implement innovative methods of pricing and competitive prices;

Desiring to ensure the highest degree of safety and security in international air transport and reaffirming their grave concern about acts or threats against the security of aircraft, which jeopardize the safety of persons or property, adversely affect the operation of air transportation, and undermine public confidence in the safety of civil aviation; and

Being Parties to the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on December 7, 1944;

Have agreed as follows:

#### Article 1

##### *Definitions*

For the purposes of this Agreement, unless otherwise stated, the term:

1. “Aeronautical authorities” means, in the case of the United States, the Department of Transportation, or its successor, and in the case of Iceland, the Ministry of Communications and any person or agency authorized to perform the functions exercised by the said Ministry of Communications;

2. “Agreement” means this Agreement, its Annexes, and any amendments thereto;

3. “Air transportation” means the public carriage by aircraft of passengers, baggage, cargo, and mail, separately or in combination, for remuneration or hire;

4. “Convention” means the Convention on International Civil Aviation, opened for signature at Chicago on December 7, 1944, and includes:

(1) any amendment that has entered into force under Article 94(a) of the Convention and has been ratified by both Parties, and

(2) any Annex or any amendment thereto adopted under Article 90 of the Convention, insofar as such Annex or amendment is at any given time effective for both Parties;

5. “Designated airline” means an airline designated and authorized in accordance with Article 3 of this Agreement;

6. “Full cost” means the cost of providing service plus a reasonable charge for administrative overhead;

7. „Millilandaflutningar í lofti“ eru flutningar sem fara fram í loftrými yfir yfirráðasvæði fleiri en eins ríkis.

8. „Verð“ er fargjald, taxi eða gjald fyrir flutninga í lofti á farþegum (og farangri þeirra) og/eða farmi (að frátöldum pósti) sem flugfélög, að meðtöldum umboðsmönnum þeirra, setja upp og skilyrði fyrir því hvenær slík fargjöld, taxtar eða gjöld gilda.

9. „Viðkoma án flutninga“ er landing í hvaða tilgangi sem er öðrum en að taka um borð eða setja af farþega, farangur, farm og/eða póst í flutningum í lofti.

10. „Yfirráðasvæði“ eru landsvæði sem aðili hefur fullveldi yfir eða eru undir lögsögu, vernd eða gæsluvernd hans ásamt aðliggjandi landhelgi.

11. „Notendagjald“ er gjald sem flugfélagi er gert að greiða fyrir afnot af flugvelli, flugleiðsögu eða aðstöðu eða þjónustu vegna flugverndar ásamt þjónustu og aðstöðu sem því tengist.

## 2. gr. *Réttindi.*

1. Hvor aðili um sig veitir flugfélögum hins aðilans eftirfarandi réttindi til að stunda millilandaflutninga í lofti:

a. rétt til að fljúga yfir yfirráðasvæði sitt án þess að lenda;

b. rétt til viðkomu án flutninga á yfirráðasvæði sínu; og

c. önnur réttindi sem eru tilgreind í þessum samningi.

2. Ekkert í þessari grein veitir flugfélagi eða flugfélögum annars aðilans rétt til að taka um borð farþega, farangur þeirra, farm eða póst á yfirráðasvæði hins aðilans og flytja gegn þóknun til annars ákvörðunarstaðar á yfirráðasvæði síðarnefnda aðilans.

## 3. gr. *Tilnefning og veiting leyfis.*

1. Báðir aðilar hafa rétt til að tilnefna eins mörg flugfélög og þeir sjálfir kjósa til að stunda millilandaflutninga í lofti samkvæmt samningi þessum og til að afturkalla eða breyta slíkum tilnefningum. Slíkar tilnefningar ber að tilkynna hinum aðilanum skriflega eftir diplómátskum boðleiðum og skal tekið fram hvort flugfélagið hafi leyfi til þeirrar tegundar flutninga í lofti sem er tilgreind í I. eða II. viðauka eða báðum.

2. Þegar slík tilnefning berst, og umsókn frá tilnefndu flugfélagi, í því formi og á þann hátt

7. “International air transportation” means air transportation that passes through the airspace over the territory of more than one State;

8. “Price” means any fare, rate or charge for the carriage of passengers (and their baggage) and/or cargo (excluding mail) in air transportation charged by airlines, including their agents, and the conditions governing the availability of such fare, rate or charge;

9. “Stop for non-traffic purposes” means a landing for any purpose other than taking on or discharging passengers, baggage, cargo and/or mail in air transportation;

10. “Territory” means the land areas under the sovereignty, jurisdiction, protection, or trusteeship of a Party, and the territorial waters adjacent thereto; and

11. “User charge” means a charge imposed on airlines for the provision of airport, air navigation, or aviation security facilities or services including related services and facilities.

## Article 2 *Grant of Rights*

1. Each Party grants to the other Party the following rights for the conduct of international air transportation by the airlines of the other Party:

a. the right to fly across its territory without landing;

b. the right to make stops in its territory for non-traffic purposes; and

c. the rights otherwise specified in this Agreement.

2. Nothing in this Article shall be deemed to confer on the airline or airlines of one Party the rights to take on board, in the territory of the other Party, passengers, their baggage, cargo, or mail carried for compensation and destined for another point in the territory of that other Party.

## Article 3 *Designation and Authorization*

1. Each Party shall have the right to designate as many airlines as it wishes to conduct international air transportation in accordance with this Agreement and to withdraw or alter such designations. Such designations shall be transmitted to the other Party in writing through diplomatic channels, and shall identify whether the airline is authorized to conduct the type of air transportation specified in Annex I or in Annex II or both.

2. On receipt of such a designation, and of applications from the designated airline, in the

sem mælt er fyrir um flugrekstrarleyfi og tækni-  
leyfi, skal hinn aðilinn veita viðeigandi leyfi  
með eins skjóttum hætti og málsmeðferð leyfir,  
að því tilskildu að:

a. aðilinn sem tilnefnir flugfélagið eða þegar  
hans, eða hvorir tveggja, hafi verulegt eignar-  
hald og fari í raun með stjórn flugfélagsins;

b. tilnefnda flugfélagið geti fullnægt þeim  
skilyrðum í lögum og reglum sem venjulega  
gilda um millilandaflutninga í lofti hjá aðilanum  
sem fjallar um umsóknina eða umsóknirnar; og

c. aðilinn sem tilnefnir flugfélagið fylgi stöðl-  
um sem settir eru í 6. gr. (öryggi) og 7. gr.  
(flugvernd) og stjórn samkvæmt þeim.

#### 4. gr.

##### *Afturköllun leyfis.*

1. Hvor aðilinn sem er getur afturkallað, felld  
niður um tíma eða takmarkað flugrekstrarleyfi  
eða tæknileyfi flugfélags sem hinn aðilinn hefur  
tilnefnt ef:

a. aðilinn sem tilnefnir flugfélagið, þegar  
hans eða hvorir tveggja, hafa hvorki verulegt  
eignarhald né fara í raun með stjórn flugfélags-  
ins;

b. flugfélagið hefur ekki farið að þeim lögum  
eða reglum sem vísað er til í 5. gr. þessa samn-  
ings (beiting laga); eða

c. hinn aðilinn fylgir ekki þeim stöðlum sem  
settir eru í 6. gr. (öryggi).

2. Rétti sem felst í þessari grein skal aðeins  
beitt að höfðu samráði við hinn aðilann, nema  
brýnna aðgerða sé þörf til að koma í veg fyrir  
áframhaldandi brot á ákvæðum b- og c-liðar 1.  
mgr. þessarar greinar.

3. Grein þessi takmarkar rétt hvorugs aðilans  
til að fresta, afturkalla, takmarka eða setja skil-  
yrði fyrir flugrekstrarleyfi eða tæknileyfi flug-  
félags eða flugfélaga hins aðilans í samræmi við  
ákvæði 7. gr. (flugvernd).

#### 5. gr.

##### *Beiting laga.*

1. Þegar komið er inn á yfirráðasvæði annars  
aðilans, verið þar eða farið þaðan ber flugfélagi  
hins aðilans að fara að lögum og reglum hins  
fyrirnefnda um starfrækslu og flugleiðsögu loft-  
fars.

form and manner prescribed for operating autho-  
rizations and technical permissions, the other  
Party shall grant appropriate authorizations and  
permissions with minimum procedural delay,  
provided:

a. substantial ownership and effective control  
of that airline are vested in the Party designat-  
ing the airline, nationals of that party, or both;

b. the designated airline is qualified to meet  
the conditions prescribed under the laws and  
regulations normally applied to the operation of  
international air transportation by the Party con-  
sidering the application or applications; and

c. the Party designating the airline is main-  
taining and administering the standards set forth  
in Article 6 (Safety) and Article 7 (Aviation  
Security).

#### Article 4

##### *Revocation of Authorization*

1. Either Party may revoke, suspend or limit  
the operating authorizations or technical per-  
missions of an airline designated by the other  
Party where:

a. substantial ownership and effective control  
of that airline are not vested in the other Party,  
the Party's nationals, or both;

b. that airline has failed to comply with the  
laws and regulations referred to in Article 5  
(Application of Laws) of this Agreement; or

c. the other Party is not maintaining and ad-  
ministering the standards as set forth in Article  
6 (Safety).

2. Unless immediate action is essential to pre-  
vent further noncompliance with subparagraphs  
1b or 1c of this Article, the rights established  
by this Article shall be exercised only after con-  
sultation with the other Party.

3. This Article does not limit the rights of  
either Party to withhold, revoke, limit or impose  
conditions on the operating authorization or  
technical permission of an airline or airlines of  
the other Party in accordance with the provisions  
of Article 7 (Aviation Security).

#### Article 5

##### *Application of Laws*

1. While entering, within, or leaving the ter-  
ritory of one Party, its laws and regulations relat-  
ing to the operation and navigation of aircraft  
shall be complied with by the other Party's air-  
lines.



2. Þegar komið er inn á yfirráðasvæði annars aðilans, verið þar eða farið þaðan skulu farþegar, áhöfn eða farmur um borð í loftfari flugfélags hins aðilans fullnægja lögum og reglum sem gilda um farþega, áhöfn eða farm við komu eða brottför frá yfirráðasvæði fyrrnefnda aðilans (meðal annars fullnægja ákvæðum um komu, flugheimildir, flugvernd, útlendingaeftirlit, vegabréfaeftirlit, tollaftirlit og sóttkví, eða, ef um póst er að ræða, reglum um póst), eða það skal gert fyrir þeirra hönd.

6. gr.  
*Öryggi.*

1. Til að starfrækja þá flutninga í lofti sem kveðið er á um í samningi þessum, skulu aðilar viðurkenna sem gild lofhæfisskrteini, hæfisskrteini og leyfi sem eru gefin út eða viðurkennd hjá hinum aðilanum og í gildi eru, að því tilskildu að kröfur um slík skirteini eða leyfi jafngildi að minnsta kosti lágmarksstöðlum sem kunna að verða settir í samræmi við samþykktina. Hins vegar getur hvor aðilinn sem er neitað að viðurkenna sem gild hæfisvottorð og leyfi sem veitt eru eða viðurkennd af hinum aðilanum til handa eigin ríkisborgurum vegna flugs yfir yfirráðasvæði sínu.

2. Hvor aðilinn sem er getur óskað eftir viðurðum um öryggisstaðla hins aðilans er varða flugrekstrarstöðu, flugáhafnir, loftför og rekstur tilnefnda flugfélagsins. Ef annar aðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkar viðurður, að hinn aðilinn fylgi ekki í raun eða stjórn samkvæmt öryggisstöðlum og kröfum á þessum sviðum, sem jafngilda að minnsta kosti lágmarkskröfum sem samkvæmt samþykktinni er heimilt að ákveða, skal hann tilkynna hinum aðilanum niðurstöður sínar og hvað hann telji nauðsynlegt að gera til að fullnægja þessum lágmarksstöðlum og skal þá síðarnefndi aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar. Báðir aðilar áskilja sér rétt til að fresta, afturkalla eða takmarka flugrekstrarleyfi eða tækniþeyfi flugfélags eða flugfélaga, sem hinn aðilinn tilnefnir, ef hinn aðilinn gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til leiðréttingar innan eðlilegra tímamarka.

7. gr.  
*Flugvernd.*

1. Í samræmi við réttindi og skyldur samkvæmt þjóðarétti árétta aðilar að skyldur þeirra gagnvart hvor öðrum, sem felast í að vernda

2. While entering, within, or leaving the territory of one Party, its laws and regulations relating to the admission to or departure from its territory of passengers, crew or cargo on aircraft (including regulations relating to entry, clearance, aviation security, immigration, passports, customs and quarantine or, in the case of mail, postal regulations) shall be complied with by, or on behalf of, such passengers, crew or cargo of the other Party's airlines.

Article 6  
*Safety*

1. Each Party shall recognize as valid, for the purpose of operating the air transportation provided for in this Agreement, certificates of airworthiness, certificates of competency, and licenses issued or validated by the other Party and still in force, provided that the requirements for such certificates or licenses at least equal the minimum standards that may be established pursuant to the Convention. Each Party may, however, refuse to recognize as valid for the purpose of flight above its own territory, certificates of competency and licenses granted to or validated for its own nationals by the other Party.

2. Either Party may request consultations concerning the safety standards maintained by the other Party relating to aeronautical facilities, aircrews, aircraft, and operation of the designated airlines. If, following such consultations, one Party finds that the other Party does not effectively maintain and administer safety standards and requirements in these areas that at least equal the minimum standards that may be established pursuant to the Convention, the other Party shall be notified of such findings and the steps considered necessary to conform with these minimum standards, and the other Party shall take appropriate corrective action. Each Party reserves the right to withhold, revoke, or limit the operating authorization or technical permission of an airline or airlines designated by the other Party in the event the other Party does not take such appropriate corrective action within a reasonable time.

Article 7  
*Aviation Security*

1. In accordance with their rights and obligations under international law, the Parties reaffirm that their obligation to each other to pro-

almenningsflug gegn ólögætum aðgerðum, séu óaðskiljanlegur hluti af þessum samningi. Án þess að takmarka almenn réttindi sín og skyldur samkvæmt þjóðarétti, ber aðilum sérstaklega að bregðast við í samræmi við ákvæði samnings um lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem undirritaður var í Tókíó 14. febrúar 1963, samnings um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara sem undirritaður var í Haag 16. desember 1970 og samnings um að koma í veg fyrir ólögætær aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem undirritaður var í Montreal 23. september 1971.

2. Aðilar skulu, að fenginni beiðni, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólöglegar aðgerðir gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhöfn og flugvallar- og flugleiðsöguaðstöðu og snúast gegn hverju því sem kann að stofna flugvernd flugleiðsöguþjónustu í almenningsflugi í hættu.

3. Aðilar skulu vinna saman í samræmi við alla flugverndarstaðla og viðeigandi framkvæmd sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir með og hefur sett og tilgreindir eru sem viðaukar við samþykktina. Þeir skulu gera kröfur um að rekstraraðilar loftfara sem eru skráð hjá þeim, rekstraraðilar sem hafa aðalumsvif eða fasta búsetu á yfirráðasvæði þeirra, svo og rekstraraðilar flugvallar á yfirráðasvæði þeirra starfi í samræmi við flugverndarákvæðin.

4. Hvor aðili um sig samþykkir að fara að þeim flugverndarákvæðum sem hinn aðilinn krefst við komu inn á yfirráðasvæði sitt og að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda loftför og skoða farþega, áhöfn, farangur þeirra og handfarangur, ásamt farmi og aðföngum loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða við hleðslu. Einnig skulu báðir aðilar taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins aðilans um sérstakar flugverndarráðstafanir til að mæta sérstakri hættu.

5. Þegar hættu er á ólöglegri töku loftfars eða öðrum ólöglegum aðgerðum gegn öryggi farþega, áhafnar, loftfars, flugvallar eða flugleiðsöguaðstöðu, eða þegar slíkt á sér stað, skulu aðilar aðstoða hvor annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda endi á slíka atburði eða hættuástand á skjótan og öruggan hátt.

6. Ef aðili hefur gilda ástæðu til að ætla að hinn aðilinn hafi vikið frá ákvæðum þessarar

tect the security of civil aviation against acts of unlawful interference forms an integral part of this Agreement, Without limiting the generality of their rights and obligations under international law, the Parties shall in particular act in conformity with the provisions of the Convention on Offenses and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft, signed at Tokyo on February 14, 1963, the Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft, signed at The Hague on December 16, 1970, and the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, signed at Montreal on September 23, 1971.

2. The Parties shall provide upon request all necessary assistance to each other to prevent acts of unlawful seizure of civil aircraft and other unlawful acts against the safety of such aircraft, of their passengers and crew, and of airports and air navigation facilities, and to address any other threat to the security of civil air navigation.

3. The Parties shall, in their mutual relations, act in conformity with all aviation security standards and appropriate recommended practices established by the International Civil Aviation Organization and designated as Annexes to the Convention; they shall require that operators of aircraft of their registry, operators of aircraft who have their principal place of business or permanent residence in their territory, and the operators of airports in their territory act in conformity with such aviation security provisions.

4. Each Party agrees to observe the security provisions required by the other Party for entry into the territory of that other Party and to take adequate measures to protect aircraft and to inspect passengers, crew, and their baggage and carry-on items, as well as cargo and aircraft stores, prior to and during boarding or loading. Each Party shall also give positive consideration to any request from the other Party for special security measures to meet a particular threat.

5. When an incident or threat of an incident of unlawful seizure of aircraft or other unlawful acts against the safety of passengers, crew, aircraft, airports or air navigation facilities occurs, the Parties shall assist each other by facilitating communications and other appropriate measures intended to terminate rapidly and safely such incident or threat.

6. When a Party has reasonable grounds to believe that the other Party has departed from

greinar um flugvernd geta flugmálayfirvöld fyrrnefnda aðilans óskað eftir viðræðum við flugmálayfirvöld hins síðarnefnda þegar í stað. Ef ekki næst viðunandi samkomulag innan 15 daga frá því að slík ósk er sett fram má telja að komnar séu forsendur fyrir því að fresta, afturkalla, takmarka eða setja skilyrði fyrir flugrekstrarleyfi og tæknileyfi flugfélags eða flugfélaga síðarnefnda aðilans. Ef neyðarástand skapast getur aðili gripið til bráðabirgðaaðgerða áður en 15 dagar eru liðnir.

#### 8. gr.

##### *Svigrúm til viðskipta.*

1. Flugfélög beggja aðila eiga rétt á að opna skrifstofur á yfirráðsvæði hins aðilans til að kynna og selja flutninga í lofti.

2. Flugfélög sem hvor aðilinn um sig tilnefnir eiga rétt á, í samræmi við lög og reglur hins aðilans um komu, búsetu og atvinnu, að flytja að og hafa á yfirráðasvæði hins aðilans starfsmenn við stjórnun, sölu, tæknistörf, rekstur og aðra sérhæfða starfsmenn sem nauðsynlegir eru til að annast flutninga í lofti.

3. Hvert tilnefnt flugfélag á rétt á að sjá um rekstur eigin flugþjónustu á yfirráðasvæði hins aðilans (eigin afgreiðsla) eða, ef það svo kys, velja umboðsmann úr hópi þeirra sem um það keppa til að annast þá þjónustu að hluta eða að öllu leyti. Þessi réttur takmarkast einungis af ytri aðstæðum er varða öryggi á flugvelli. Ef slík atriði útiloka eigin afgreiðslu skulu öll flugfélög eiga aðgang að flugþjónustu á jafnræðisgrundvelli. Gjöld skulu miðast við kostnað vegna veittrar þjónustu og slík þjónusta skal í eðli sínu vera sambærileg og í sama gæðaflokki og eigin afgreiðsla væri.

4. Flugfélög beggja aðila mega stunda beina sölu á flutningum í lofti á yfirráðasvæði hins aðilans og, að eigin vild flugfélags, fyrir milli-göngu umboðsmanna sinna nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglugerðum um leiguflug í upprunalandi leiguflugsins er varða vernd greidds fjár farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt farþega. Öll flugfélög hafa rétt til að selja slíka flutninga og er hverjum sem er frjálst að kaupa slíka flutninga í gjaldmiðli yfirráðasvæðisins eða í auðskiptanlegum gjaldmiðli.

5. Öll flugfélög eiga rétt á að skipta tekjum sem fást umfram útgjöld á staðnum yfir í eigin

the aviation security provisions of this Article, the aeronautical authorities of that Party may request immediate consultations with the aeronautical authorities of the other Party. Failure to reach a satisfactory agreement within 15 days from the date of such request shall constitute grounds to withhold, revoke, limit, or impose conditions on the operating authorization and technical permissions of an airline or airlines of that Party. When required by an emergency, a Party may take interim action prior to the expiry of 15 days.

#### Article 8

##### *Commercial Opportunities*

1. The airlines of each Party shall have the right to establish offices in the territory of the other Party for the promotion and sale of air transportation.

2. The designated airlines of each Party shall be entitled, in accordance with the laws and regulations of the other Party relating to entry, residence, and employment, to bring in and maintain in the territory of the other Party managerial, sales, technical, operational, and other specialist staff required for the provision of air transportation.

3. Each designated airline shall have the right to perform its own ground-handling in the territory of the other Party ("self-handling") or, at its option, select among competing agents for such services in whole or in part. The rights shall be subject only to physical constraints resulting from considerations of airport safety. Where such considerations preclude self-handling, ground services shall be available on an equal basis to all airlines; charges shall be based on the costs of services provided; and such services shall be comparable to the kind and quality of services as if self-handling were possible.

4. Any airline of each Party may engage in the sale of air transportation in the territory of the other Party directly and, at the airline's discretion, through its agents, except as may be specifically provided by the charter regulations of the country in which the charter originates that relate to the protection of passenger funds, and passenger cancellation and refund rights. Each airline shall have the right to sell such transportation, and any person shall be free to purchase such transportation, in the currency of that territory or in freely convertible currencies.

5. Each airline shall have the right to convert and remit to its country, on demand, local rev-

gjaldmiðil og senda til heimalandsins, sé þess óskað. Heimila skal gjaldeyris skipti og peningasendingar umsvifalaust og án takmarkana eða skattlagningar á gengi sem gildir um viðskipti og peningasendingar þann dag sem flugfélagið fyrst sækir um að senda peningana.

6. Flugfélögum beggja aðila skal vera heimilt að greiða útgjöld á staðnum, þar á meðal fyrir eldsneyti, á yfirráðasvæði hins aðilans í þar lendum gjaldmiðli. Flugfélögum beggja aðila er heimilt, að eigin vild, að greiða slík útgjöld á yfirráðasvæði hins aðilans í auðskiptanlegum gjaldmiðli samkvæmt þar lendum gjaldeyris-reglum.

7. a) Hvaða tilgreint flugfélag sem er getur, í rekstri eða þjónustu sem hefur verið heimiluð á umsömdum leiðum, tekið upp markaðssamstarf á borð við föst sætakaup, sameiginlegt flug-númer eða leigu við

- i) flugfélag eða flugfélög hvors aðilans sem er; og
- ii) flugfélag eða flugfélög þriðja aðila, að því tilskildu að þriðja land veiti heimild eða leyfi fyrir sambærilegu fyrir-komulagi milli flugfélaga hins aðilans og annarra flugfélaga fyrir þjónustu til, frá og um þriðja land; að því tilskildu að öll flugfélög sem eiga hlut að slíku fyrirkomulagi 1) hafi til þess tilskilin leyfi og 2) fullnægi þeim kröfum sem vanalega gilda um slíkt fyrirkomulag.

b) Ef flugfélag annars aðilans heldur uppi þjónustu milli staðar á yfirráðasvæði hins aðilans og staðar í þriðja landi samkvæmt sameiginlegu flugnúmera-fyrirkomulagi í hvaða flugáfangi sem er á þeirri leið með flugfélagi frá hinum aðilanum, skal fyrrnefndi aðilinn, þrátt fyrir ákvæði ii-liðar hér að framan, heimila eða leyfa hvaða flugfélagi sem er frá síðarnefnda aðilanum að nota sameiginlegt flugnúmera-fyrirkomulag með hvaða flugfélagi sem er á hvaða hluta flugáfanga sem er á leið milli þriðja lands og síðarnefnda aðilans um stað eða staði á yfirráðasvæði fyrstnefnda aðilans.

#### 9. gr.

##### *Tollar og gjöld.*

1. Loftför sem eru starfrækt í millilandaflutningum af tilnefndum flugfélögum annars aðilans, venjulegur búnaður þeirra, búnaður á jörðu niðri, eldsneyti, smurolfur, einnota tæknibirgðir, varahlutir (meðal annars hreyflar), aðföng loftfars

enues in excess of sums locally disbursed. Conversion and remittance shall be permitted promptly without restrictions or taxation in respect thereof at the rate of exchange applicable to current transactions and remittance on the date the carrier makes the initial application for remittance.

6. The airlines of each Party shall be permitted to pay for local expenses, including purchases of fuel, in the territory of the other Party in local currency. At their discretion, the airlines of each Party may pay for such expenses in the territory of the other Party in freely convertible currencies according to local currency regulation.

7. (a) In operating or holding out the authorized services on the agreed routes, any designated airline of one Party may enter into cooperative marketing arrangements such as blocked-space, code-sharing or leasing arrangements, with

- i) an airline or airlines of either Party; and
- ii) an airline or airlines of a third country, provided that such third country authorizes or allows comparable arrangements between the airlines of the other Party and other airlines on services to, from and via such third country; provided that all airlines in such arrangements 1) hold the appropriate authority and 2) meet the requirements normally applied to such arrangements.

(b) Notwithstanding the proviso of ii above, if an airline of one Party holds out service between a point in the other Party's territory and a point in a third country by means of a code-share arrangement on any segment of that service with an airline of the other Party, the first Party must authorize or allow any airline of the other Party to code share with any airline on any segment of services between that third country and the other Party via a point or points in the territory of the first Party.

#### Article 9

##### *Customs Duties and Charges*

1. On arriving in the territory of one Party, aircraft operated in international air transportation by the designated airlines of the other Party, their regular equipment, ground equipment, fuel, lubricants, consumable technical supplies, spare

(meðal annars, en þó ekki eingöngu, matur, drykkur og áfengi, tóbak og aðrar vörur sem ætlaðar eru til neyslu eða sölu til farþega á flugi í takmörkuðu magni) og aðrar vörur eingöngu ætlaðar til nota í tengslum við rekstur eða þjónustu við loftfar í millilandaflutningum skulu, við komu til yfirráðasvæðis hins aðilans, með gagnkvæmum hætti vera undanþegin öllum innflutningstakmörkunum, eignasköttum og fjármagnssköttum, tollum, vörugjöldum og álíka gjöldum sem 1) innlend yfirvöld leggja á og 2) grundvallast ekki á kostnaði vegna veittrar þjónustu, að því tilskildu að slíkur búnaður og birgðir verði ekki teknar frá borði.

2. Enn fremur skal eftirfarandi vera gagnkvæmt undanþegið sköttum, álögum, tollum og gjöldum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að undanskildum gjöldum sem grundvallast á útgjöldum vegna veittrar þjónustu:

a. aðföng loftfars sem eru aðflutt eða fengin á yfirráðasvæði aðila og færð um borð, innan eðlilegra marka, til nota á útleið um borð í loftfari flugfélags hins aðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti jafnvel þegar nota á aðföngin á þeim hluta ferðarinnar sem er yfir yfirráðasvæði aðilans þar sem þau voru tekin um borð;

b. búnaður á jörðu niðri og varahlutir (meðal annars hreyflar) sem eru aðfluttir á yfirráðasvæði aðila vegna þjónustu, viðhalds eða viðgerða á loftfari flugfélags hins aðilans sem er notað í millilandaflutningum í lofti;

c. eldsneyti, smurolíur og einnota tæknibirgðir sem eru aðfluttar eða fengnar á yfirráðasvæði aðila til nota í loftfari flugfélags hins aðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti jafnvel þegar nota á aðföngin á þeim hluta ferðarinnar sem er yfir yfirráðasvæði aðilans þar sem þau voru tekin um borð; og

d. kynningar- og auglýsingaefni sem er aðflutt eða fengið á yfirráðasvæði samningsaðila og tekið um borð, innan eðlilegra marka, til nota á útleið um borð í loftfari frá flugfélagi hins samningsaðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti jafnvel þegar nota á þau aðföng á þeim hluta ferðarinnar sem er yfir yfirráðasvæði samningsaðilans þar sem þau voru tekin um borð.

3. Krefjast má þess að búnaður og birgðir sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar verði undir eftirliti eða stjórn viðkomandi yfirvalda.

parts (including engines), aircraft stores (including but not limited to such items of food, beverages and liquor, tobacco and other products destined for sale to or use by passengers in limited quantities during flight), and other items intended for or used solely in connection with the operation or servicing of aircraft engaged in international air transportation shall be exempt, on the basis of reciprocity, from all import restrictions, property taxes and capital levies, customs duties, excise taxes, and similar fees and charges that are (1) imposed by the national authorities, and (2) not based on the cost of services provided, provided that such equipment and supplies remain on board the aircraft.

2. There shall also be exempt, on the basis of reciprocity, from the taxes, levies, duties, fees and charges referred to in paragraph 1 of this Article, with the exception of charges based on the cost of the service provided:

a. aircraft stores introduced into or supplied in the territory of a Party and taken on board, within reasonable limits, for use on outbound aircraft of an airline of the other Party engaged in international air transportation, even when these stores are to be used on a part of the journey performed over the territory of the Party in which they are taken on board;

b. ground equipment and spare parts (including engines) introduced into the territory of a Party for the servicing, maintenance, or repair of aircraft of an airline of the other Party used in international air transportation;

c. fuel, lubricants and consumable technical supplies introduced into or supplied in the territory of a Party for use in an aircraft of an airline of the other Party engaged in international air transportation, even when these supplies are to be used on a part of the journey performed over the territory of the Party in which they are taken on board; and

d. promotional and advertising materials introduced into or supplied in the territory of one Contracting Party and taken on board, within reasonable limits, for use on outbound aircraft of an airline of the other Contracting Party engaged in international air transportation, even when these stores are to be used on a part of the journey performed over the territory of the Contracting Party in which they are taken on board.

3. Equipment and supplies referred to in paragraphs 1 and 2 of this Article may be required to be kept under the supervision or control of the appropriate authorities.



4. Undanþágur sem kveðið er á um í þessari grein skulu einnig fáanlegar þegar tilnefnt flugfélag annars aðilans hefur gert samninga við annað flugfélag, sem með líkum hætti nýtur slíkra undanþága hjá hinum aðilanum, um lán eða færslu á þeim vörum sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar á yfirráðasvæði hins aðilans.

#### 10. gr.

##### *Notendagjöld.*

1. Notendagjöld sem þar til bær yfirvöld eða stofnanir hvors aðila um sig geta lagt á flugfélög hins aðilans skulu vera réttlát, eðlileg, ekki mismuna á óréttlátan hátt og skal þeim skipt jafnt niður á notendaflokka. Slík notendagjöld skulu ávallt lögð á flugfélög hins aðilans með skilmálum sem ekki eru óhagstæðari en hagstæðustu skilmálar sem bjóðast öðrum flugfélögum á þeim tíma sem gjöldin eru lögð á.

2. Notendagjöld sem lögð eru á flugfélög hins aðilans mega endurspegla, en ekki fara yfir, þann heildarkostnað sem þar til bær yfirvöld eða stofnanir hafa af því að leggja til flugvöll við hæfi, þjónustu vegna umhverfisverndar flugvallar, flugleiðsögu og aðstöðu til flugverndar á flugvellinum eða innan flugvallarkerfisins. Í heildarkostnaði af þessu tagi getur verið innifalinn eðlilegur arður af eignum eftir afskriftir. Aðstaða og þjónusta sem gjöldin eru greidd fyrir skal látin í té með skilvirkum og hagkvæmum hætti.

3. Hvor aðili um sig skal hvetja til viðræðna milli þar til bærra yfirvalda eða stofnana á yfirráðasvæði sínu og flugfélaga sem nota þjónustu og aðstöðu og hvetja þar til bær yfirvöld eða stofnanir og flugfélögin til að skiptast á upplýsingum sem kunna að vera nauðsynlegar til að unnt sé að skoða nákvæmlega réttmæti gjaldanna samkvæmt meginreglum 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Báðir aðilar skulu hvetja þar til bær yfirvöld til að láta notendum í té allar tillögur um breytingar á notendagjöldum með eðlilegum fyrirvara til að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en af breytingum verður.

4. Við lausn deilumála sem kunna að rísa, samanber 14. gr., skal hvorugur aðilinn teljast hafa brotið ákvæði þessarar greinar nema i) hann hafi látið hjá líða að endurskoða gjöld eða framkvæmd þeirra, sem hinn aðilinn hefur gert að umkvörtunarefni, innan eðlilegs tíma; eða ii) látið hjá líða, eftir slíka endurskoðun, að gera allar ráðstafanir sem í hans valdi eru til að

4. The exemptions provided by this Article shall also be available where the designated airlines of one Party have contracted with another airline, which similarly enjoys such exemptions from the other Party, for the loan or transfer in the territory of the other Party of the items specified in paragraphs 1 and 2 of this Article.

#### Article 10

##### *User Charges*

1. User charges that may be imposed by the competent charging authorities or bodies of each Party on the airlines of the other Party shall be just, reasonable, not unjustly discriminatory, and equitably apportioned among categories of users. In any event, any such user charges shall be assessed on the airlines of the other Party on terms not less favorable than the most favorable terms available to any other airline at the time the charges are assessed.

2. User charges imposed on the airlines of the other Party may reflect, but shall not exceed, the full cost to the competent charging authorities or bodies of providing the appropriate airport, airport environmental, air navigation, and aviation security facilities and services at the airport or within the airport system. Such full cost may include a reasonable return on assets, after depreciation. Facilities and services for which charges are made shall be provided on an efficient and economic basis.

3. Each Party shall encourage consultations between the competent charging authorities or bodies in its territory and the airlines using the services and facilities, and shall encourage the competent charging authorities or bodies and the airlines to exchange such information as may be necessary to permit an accurate review of the reasonableness of the charges in accordance with the principles of paragraphs (1) and (2) of this Article. Each Party shall encourage the competent charging authorities to provide users with reasonable notice of any proposal for changes in user charges to enable users to express their views before changes are made.

4. Neither party shall be held, in dispute resolution procedures pursuant to Article 14, to be in breach of a provision of this Article, unless (i) it fails to undertake a review of the charge or practice that is the subject of complaint by the other Party within a reasonable amount of time; or (ii) following such a review it fails to take all steps within its power to remedy any



leiðréttu gjöld eða framkvæmd sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar greinar.

#### 11. gr.

##### *Samngjörn samkeppni.*

1. Hvor aðili um sig skal gefa tilnefndum flugfélögum beggja aðila samngjörn og jöfn tækifæri til að taka þátt í samkeppni í millilandaflutningum í lofti sem þessi samningur gildir um.

2. Báðir aðilar skulu leyfa hverju tilnefndu flugfélagi um sig að ákvarða ferðatíðni og flutningsgetu í millilandaflutningum sem það býður á grundvelli viðskiptaaðstæðna á markaðinum. Í samræmi við þessi réttindi skal hvorugur aðilinn takmarka umferð einhliða, ákvarða hversu mikil eða reglubundin þjónustan eða ferðatíðnin er eða hvaða gerð eða gerðir loftfara tilnefnd flugfélög hins aðilans starfrækja, nema að því marki sem nauðsynlegt er af ástæðum er varða tollafgreiðslu, tæknileg atriði, rekstur eða umhverfisvernd með einsleitum skilyrðum í samræmi við 15. gr. samþykktarinnar.

3. Hvorugur aðilanna skal gera kröfur til tilnefndra flugfélaga hins aðilans um fyrsta höfnunarrétt, lyftihlutfall, þægðarfé eða neinar aðrar kröfur er varða flutningsgetu, ferðatíðni eða umferð og eru í ósamræmi við ákvæði þessa samnings.

4. Hvorugur aðilanna skal gera kröfu til þess að flugáætlanir, áætlanir um leiguflug eða flugrekstraráætlanir flugfélaga hins aðilans séu skráðar til samþykktar nema að því marki sem kann að vera krafist á jafnræðisgrundvelli til að fullnægja einsleitum skilyrðunum sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. þessarar greinar eða eins og kann að vera heimilað sérstaklega í viðauka við samning þennan. Ef aðili gerir kröfur um skráningu í upplýsingaskyni ber honum að halda í lágmarki sjónsýsluálagi vegna málsmeðferðar skráningarkröfunnar á milliliði flutninga í lofti og tilnefnd flugfélög hins aðilans.

#### 12. gr.

##### *Verðlagning.*

